

I Stofnuð verði þekkingar- og ráðgjafarmiðstöð um ME-sjúkdóminn



Mynd: Sjúkrahúsið á Akureyri

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að fela Sjúkrahúsinu á Akureyri í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Norðurlands að koma á fót þekkingar- og ráðgjafarmiðstöð um ME sjúkdóminn. Alþjóðlegi ME dagurinn er í dag sem miðar að því að efla vitund um sjúkdóminn sem veldur langvarandi vöðvaverkjum og bólgu í heila eða mænu.

Vitað er að ýmsar sýkingar geta valdið ME sjúkdómnum. Hluti sjúklinga sem veiktust af Akureyrarveikinni þegar hún geisaði fyrir 75 árum þróaði með sér ME. Í fyrstu var talið að um mænuveikifaraldur væri að ræða en nú er flest talið benda til þess að um sýkingu hafi verið að ræða þótt sýkillinn hafi aldrei fundist. Fjölmörgum faröldrum eins og Akureyrarveikinni hefur verið lýst í heiminum þar sem sýkill hefur ekki fundist og hluti þeirra sem veikist þróa með sér langvarandi sjúkdómseinkenni líkt og ME.

Sé tekið mið af erlendum tölum má ætla að hér á landi séu eitt- til tvö þúsund einstaklingar með sjúkdóminn en ljóst er að sjúkdómurinn er vangreindur. Sjúkdómsbyrði margra ME- sjúklinga er þung. Brýn þörf er á að auka þekkingu á sjúkdómnum og bæta þjónustu við þá sem við hann glíma.

Akureyrarveikin og Covid-19

Sjúkrahúsið á Akureyri og Akureyrarbær efndu til málþings 6. maí sl. í tilefni þess að 75 ár eru liðin frá því að Akureyrarveikin geisaði. Á þinginu var m.a. fjallað um hvort Akureyrarveikin og Covid-19 eigi eitthvað sameiginlegt. Rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar sem og erlendar rannsóknir benda til þess að um 1% þeirra sem sýkjast af Covid-19 þrói með sér langvarandi sjúkdómseinkenni sem líkjast einkennum ME sjúkdómsins. [Uppataka frá málþinginu er aðgengileg á vefnum.](#)

Þekkingar- og ráðgjafarmiðstöð í þágu ME-sjúklinga

Áformuð stofnun þekkingar- og ráðgjafarmiðstöðvar um ME sjúkdóminn hefur fengið vinnuheitið Akureyrarklíníkin. Liður í stofnun hennar er að bæta skilning á ME og skyldum sjúkdómum og stuðla að bættri þjónustu við sjúklinga. M.a. er horft til þess að þangað geti heimilislæknar leitað með tilfelli sem þarfnast staðfestingar á greiningu og sjúklingar fengið ráðgjöf. Klíníkin yrði þannig samhæfandi aðili um þjónustu við ME sjúklinga á landsvísu, auk þess að vinna að skráningu sjúkdómsins og stuðla að rannsóknum.